



ÁRSSKÝRSLA 2022



HEILSUGÆSLA
HÖFUDBORGARSVÆÐISINS

EFNISYFIRLIT

Ávarp forstjóra	3
Framkvæmdastjórn	4
Skipurit HH	5
Heilsugæslustöðvar	6
Samskipti á heilsugæslustöðvum	7
Mínar síður	11
Heilsuvernd skólabarna	13
Nýtt húsnæði í Mosfellsbæ	14
Gert við húsnæði í Grafarvogi	15
Þjónustukönnun 2022	16
Covid-19	18
Sérhæfð þjónusta	19
Heimahjúkrun í nýtt húsnæði	20
Geðheilbrigðisþjónusta	21
Geðheilsumiðstöð barna	23
Heilbrigðisskoðun innflytjenda	24

Kvenheilsa	25
SKS – Krabbameinsskimanir	26
Upplýsingamiðstöð	29
Heima er pest	33
Upplýsingavefir	34
Ársverk	35
Starfsemi og starfsánægja	39
Uppskeruhátíð	41
Fræðadagur	42
Rekstur og efnahagsreikningur	43
Tekjur og ársverk	44
Útgjöld stöðva og ársverk	45
Útgjöld starfsstöðva og ársverk	46
Efnahagsreikningur 31. des 2022	47
Breytingar á eiginfjárreikningum 2022	48
Afkoma	49



ÁVARP FORSTJÓRA

Eftir rúmlega tveggja ára baráttu við Covid-19 heimsfaraldurinn fór loks að sjá til sólar á árinu 2022 þegar við komumst loksins út úr því neyðarástandi sem hafði ríkt í faraldrinum. Álag á starfsfólk heilsugæslunnar var gríðarlegt í faraldrinum og ljóst að það mun taka tíma að vinda ofan af þeim vanda sem það skapaði. Það er algjört forgangsverkefni, enda er stofnunin ekkert annað en það frábæra starfsfólk sem við höfum á að skipa.

En samhliða því að hlúa að fólkinu okkar er það hlutverk stjórnenda Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins að læra af því sem við gerðum í faraldrinum. Neyðarástandið varð til þess að við þurftum að sýna hugmyndaauði og vinna hratt að nýstárlegum lausnum.

Eitt af því besta sem við gerðum í faraldrinum var að stofna Upplýsingamiðstöð Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Á þessari nýju einingu sitja hjúkrunarfræðingar og annað sérþjálfað starfsfólk við símann og netspjallið frá 8 til 22 alla daga. Þar getur almenningur um allt land haft samband og fengið ráðgjöf og leiðbeiningar, auk þess sem miðstöðin sér um að vinna efni inn á þekkingarvefinn heilsuvera.is.

Ég er algjörlega sannfærður um mikilvægi þess að halda áfram uppbyggingu upplýsingamiðstöðvarinnar, og í

raun stórefla þjónustu hennar. Framtíðarsýnin er sú að símtal eða netspjall verði fyrsta skrefið í samskiptum við HH og þar fái skjólstæðingar okkar ráðgjöf áður en þeir koma á heilsugæslustöð. Þannig getum við nýtt krafta okkar starfsfólks sem best og forgangsraðað þeim sem þurfa þjónustu strax.

Í heimsfaraldrinum lærði almenningur að koma í skimun með minnstu einkennum til að hefta útbreiðslu faraldursins. Nú er staðan aðeins önnur og mikilvægt að þeir sem eru með væg einkenni umgangspæsta læri rétt viðbrögð. Yfirleitt er best að taka því rólega meðan pestirnar ganga yfir í stað þess að fara beint á næstu heilsugæslustöð, enda sjaldnast nokkuð hægt að gera annað en að fara vel með sig í nokkra daga. Þetta kallar á aukna áherslu á að bæta heilsulæsi almennings og þar er þekkingarvefurinn heilsuvera.is í lykilhlutverki.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins hefur á að skipa frábæru starfsfólki sem sinnir gríðarlega mikilvægri samfélagsþjónustu. Við þurfum að tryggja því hafi þann stuðning sem þarf, gott skipulag til að þeirra kraftar nýtist sem best, og auðvitað fyrsta flokks húsnæði og tækjabúnað.

Óskar Reykdalsson forstjóri



FRAMKVÆMDASTJÓRN



Engar breytingar urðu á framkvæmdastjórn HH á árinu 2022. Framkvæmdastjórn fundar að jafnaði einu sinni í viku.

Í framkvæmdastjórn eru (frá vinstri á myndinni):

- Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar
- Svava Kristín Þorkelsdóttir framkvæmdastjóri sviðs mannauðs og nýliðunar
- Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri geðheilbrigðisþjónustu
- Óskar Reykdalsson forstjóri
- Jónas Guðmundsson framkvæmdastjóri sviðs fjármála og rekstrar
- Sigríður Dóra Magnúsdóttir framkvæmdastjóri lækninga



SKIPURIT HH

- Skjólstæðingar í forgrunni.
- Áhersla á teymisvinnu.
- Vinnan sniðin að þörfum skjólstæðinga.
- Fimmtán heilsugæslustöðvar HH eru kjarninn.
- Sérhæfð þjónusta og stoðsvið styðja við kjarnastarfsemi eða sinna öðrum verkefnum:
 - Heimahjúkrun
 - Þrjú staðbundin geðheilsuteymi
 - Fimm geðheilsuteymi sem starfa á landsvísu
 - Færni og heilsumatsnefnd
 - Heilbrigðissskoðun innflytjenda
 - Kvenheilsa
 - Samhæfingarmiðstöð krabbameinsskimana
 - Skrifstofa heilsugæslunnar
 - Upplýsingamiðstöð
 - Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu



HEILSUGÆSLUSTÖÐVARNAR

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins starfrækir fimmtán heilsugæslustöðvar í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Mosfellsumdæmi, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði. Starfsemi stöðvanna er kjarninn í starfsemi stofnunarinnar og þjóna þær um 180 þúsund skjólstæðingum.


Á stöðvunum er boðið upp á margvíslega þjónustu, til að mynda

- Viðtöl við lækni
- Opna móttöku
- Símaþjónustu og rafræn samskipti
- Lyfjaendurnýjun
- Mæðravernd
- Ung- og smábarnavernd
- Heilsuvernd skólabarna
- Bólusetningar
- Sálfræðiþjónustu
- Heilsueflandi móttöku
- Heilsuvernd eldra fólks
- Hreyfiseðla
- Rannsóknir
- Vottorð og tilvísanir



SAMSKIPTI Á HEILSUGÆSLUSTÖÐVUM

Fjöldi samskipta



SAMSKIPTI Á HEILSUGÆSLUSTÖÐVUM

Heildarsamskipti eftir stöðvum

Tölur með síðdegisvakt en án námskeiða

	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir	Heilsuvera
Heilsugæslan Árbæ	45.136	28.516	617	39.966
Heilsugæslan Efra-Breiðholti	23.207	28.510	173	21.024
Heilsugæslan Efstaleiti	25.776	20.700	367	24.166
Heilsugæslan Fjörður	27.225	27.365	365	23.977
Heilsugæslan Garðabæ	33.728	30.494	702	27.914
Heilsugæslan Glæsibæ	19.766	15.076	359	16.074
Heilsugæslan Grafarvogi	23.429	23.109	319	20.647
Heilsugæslan Hamraborg	26.218	19.444	363	21.529
Heilsugæslan Hlíðum	25.373	21.867	669	21.880
Heilsugæslan Hvammur	22.751	20.001	304	18.818
Heilsugæslan Miðbæ	30.018	21.985	473	23.893
Heilsugæslan Mjódd	21.841	19.882	279	19.427
Heilsugæslan Mosfellsbæ	26.278	16.675	419	15.241
Heilsugæslan Seltjarnarnesi	36.688	22.746	574	43.790
Heilsugæslan Sólvangi	42.028	30.570	717	42.465



SAMSKIPTI Á HEILSUGÆSLUSTÖÐVUM

Fjöldi samskipta á heilsugæslustöðvum eftir þjónustuflokkum

Tölur með síðdegisvakt

	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir	Heilsuvera	HAM
Almenn læknishjálp	240.617	220.631	96	-	-
Hjúkrun	117.821	96.665	1.880	-	-
Heilsueflandi móttaka	4.696	2.434	10	-	-
Mæðravernd	21.540	8.827	3	-	-
Ungbarnavernd	27.289	8.584	4.704	-	-
Sálfræðiþjónusta	9.792	6.201	-	-	-
Sjúkrapjálfun, næringarmeðferð, lyfjafræðingar	1.334	3.455	1	-	-
Skimun	6.242	29	-	-	-
Heilsuvera	-	-	-	380.637	-
HAM-námskeið	-	-	-	-	1.917



SAMSKIPTI Á HEILSUGÆSLUSTÖÐVUM


Fjöldi samskipta eftir fagstéttum							
	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir	Í gegnum Heilsuveru			HAM
				Lyfja- endurnýjanir	Fyrirspurnir	Skilaboð	
Hjúkrunarfræðingar og ljósmæður	182.909	118.393	6.571	62	8.724	6.729	-
Hreyfistjórar	895	2.659	-	-	-	-	-
Læknar	263.723	226.637	159	179.949	75.768	43.565	-
Ritarar	-	-	-	9.437	45.688	14.363	-
Sálfræðingar	11.740	6.164	-	-	424	5.775	1.917
Aðrir	241	121	-	-	-	-	-



MÍNAR SÍÐUR

Samskipti almennings við starfsfólk Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins hafa þróast hratt á undanförunum árum. Rafræn samskipti hafa aukist verulega og var árið 2022 enn eitt metárið í fjölda rafrænna samskipta. Stór hluti þessara samskipta eru endurnýjanir á lyfjum, en mikið hagræði er fólgið í því fyrir bæði skjólstæðinga og starfsfólk að hægt sé að endurnýja lyfseðla rafrænt.

Samskipti í gegnum Mínar síður Heilsuveru




MÍNAR SÍÐUR


Rafræn samskipti í gegnum Heilsuveru skiptast í tvo hluta.

- 1) Fyrirspurnir frá almenningi til heilsugæslustöðva og skilaboð frá heilsugæslustöðvum til skjólstæðinga, til dæmis um niðurstöður úr blóðprufum, námskeið og fleira.
- 2) Endurnýjanir á lyfseðlum sem áður fóru í mun meira mæli fram í gegnum síma.

1) Fyrirspurnir og skilaboð



2) Lyfjaendurnýjun



HEILSUVERND SKÓLABARNA

HH sinnir heilsuvernd skólabarna í 73 skólum með það að markmiði að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra.

Helstu áherslur í heilsuvernd skólabarna eru fræðsla og heilsuefning, bólu-setningar, skimanir, viðtöl um heilsu og líðan, umsjón og eftirlit með umönnun langveikra barna innan skólans og ráðgjöf til nemenda, fjölskyldna þeirra og starfsfólks skólans.

Hjúkrunarfræðingar sem sinna heilsuverndinni eru í alls 33,3 stöðugildum og er hvert stöðugildi að sinna að meðaltali 769 nemendum. Fjármögnunarlíkan heilsugæslunnar reiknar með 650 nemendum á hvert stöðugildi.

Aukinn fjöldi nemenda á hvern starfsmann hafði þau áhrif að markmið um árangur í mörgum þáttum starfseminnar náðust ekki. Til að ná árangursmarkmiði í mönnun þyrfti að bæta við sex stöðugildum.

Skólar innan HH								
	2021-2022		2020-2021		2019-2020		2018-2019	
	Fjöldi	Per. nem.	Fjöldi	Per. nem.	Fjöldi	Per. nem.	Fjöldi	Per. nem.
Skipulögð fræðsla*	39.918	1,6	52.529	2	43.223	1,7	65.231	2,6
Önnur fræðsla**	85.536	3,3	80.033	3,1	49.612	2	66.828	2,7
Viðtal um heilsu og líðan	9.690	0,4	10.113	0,4	9.103	0,4	9.538	0,4
Bólu-setningar	7.472	0,3	7.763	0,3	7.531	0,3	7.440	0,3
Skimanir	19.711	0,8	20.622	0,8	19.053	0,8	19.993	0,8
Einstaklings-þjónusta	21.554	0,8	24.154	0,9	24.601	1	33.296	1,3
Heildar-samskipti	183.881	7,2	195.214	7,6	153.123	6	202.326	8,1
Nemenda-fjöldi	25.605	-	25.686	-	25.355	-	25.061	-

*Fræðsla og foreldrar upplýstir **Önnur fræðsla og tölvupóstur



NÝTT HÚSNÆÐI Í MOSFELLSBÆ



Nýtt húsnæði Heilsugæslunnar Mosfellsumdæmi var opnað formlega 12. maí 2022. Starfsemin flutti í Sunnukrika 3 úr Þverholti í mars 2021 en vegna heimsfaraldurs Covid-19 var ekki ráðlegt að blása til veisluhalda á þeim tímapunkti.

Heilsugæslan í Þverholti var um 650 fermetrar og starfsemin jókst talsvert á þeim rúmu 20 árum sem hún var staðsett þar og orðið mjög þröngt um starfsemina í húsnæðinu. Nýtt húsnæði heilsugæslunnar er um 1.200 fermetrar og því fer afar vel um skjólstæðinga og starfsfólk á nýjum stað.

Ein mesta nýjungin er hjarta stöðvarinnar, vinnuaðstaða og fjögur móttökuherbergi, sem bætir aðstöðu til að sinna opinni móttöku og hefur stuðlað að aukinni teymisvinnu starfsfólks.

Nýju húsnæði og bættri starfsaðstöðu fylgir betri líðan í starfi sem kom skýrt fram í nýlegri starfsánægjukönnun sem sýndi að starfsfólk stöðvarinnar finnur mikinn mun á aðbúnaði sínum. Það skilar sér án efa áfram, starfsemin blómstrar og það fer vel um skjólstæðinga í þessu nýja húsnæði.



GERT VIÐ HÚSNÆÐI Í GRAFARVOGI

Ljóst var í lok árs 2021 að flytja þyrfti starfsemi Heilsugæslunnar Grafarvogi úr húsnæðinu í Spöng eftir að úttekt sýndi að mygla var á báðum hæðum í húsnæðinu. Þegar slæmt ástand hússins var orðið ljóst var ekki um annað að ræða en kynna starfsfólki stöðu mála og vinna að flutningi úr húsinu. Strax var farið að leita að nýrri aðstöðu fyrir Heilsugæsluna Grafarvogi og tvö geðteymi sem höfðu aðstöðu í húsinu, Geðheilsuteymi fangelsa og Geðheilsuteymi taugaproskaraskana.

Eftir mikla en árangurslausa leit að hentugu húsnæði í Grafarvogi var ákveðið að flytja hluta starfseminnar Heilsugæslunnar Grafarvogi í sama húsnæði og Heilsugæslan Árbæ, en rekstur stöðvanna og starfsemi var algjörlega aðskilinn. Hluti starfseminnar var færður í annað rými í Spönginni. Eigandi húsnæðisins í Spönginni hóf þegar vinnu við umfangsmiklar lagfæringar á húsnæðinu og stendur til að flytja aftur inn í Spöngina í byrjun árs 2024.


Geðteymin tvö fluttu í Mjóddina í Breiðholti þar sem skrifstofa HH og ýmis önnur starfsemi voru fyrir.




ÞJÓNUSTUKÖNNUN 2022

Sjúkratryggingar Íslands endurtóku á árinu könnun sem stofnunin gerði árið 2019. Þar voru notendur þjónustu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins spurðir um upplifun þeirra af þjónustu heilsugæslustöðva stofnunarinnar. Niðurstöðurnar vörpuðu ljósi á það sem vel er gert í starfseminni og hvar úrbóta er þörf. Unnið var með niðurstöðurnar á árinu.

Hversu brýnt var erindið?




Brýnustu úrbætur að mati þjónustuþega



ÞJÓNUSTUKÖNNUN 2022

Hvernig gekk að fá hentugan tíma síðast þegar þú leitaðir eftir því?

Hversu brýnt var erindið síðast þegar þú leitaðir eftir tíma á heilsugæslu?



COVID-19

Covid-19 heimsfaraldurinn hafði mikil áhrif á starfsemi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins á fyrri hluta ársins 2022. Í byrjun árs var HH falið að bjóða börnum upp á bólusetningar. Farið var í átak þar sem boðið var upp á bólusetningar í Laugardalshöll. Þegar áttakinu var lokið færðust bólusetningar barna á heilsugæslustöðvarnar.

Í október 2022 var ákveðið að bjóða fólki 60 ára og eldra upp á örvunarbólusetningu við Covid-19 þegar fjórir mánuðir eða meira voru liðnir frá síðustu bólusetningu. Bólusetningarnar fóru fram í Laugardalshöll til að byrja með en færðust svo inn á heilsugæslustöðvarnar.

Sýnatökur vegna Covid-19 fóru fram í húsnæði við Suðurlandsbraut þar til í lok apríl. Þá hætti HH starfsemi í húsnæðinu og flutti sýnatökur í Mjóddina.



SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA

Heildarsamskipti eftir sérþjónustu				
	Viðtal	Símtal	Vitjun	Heilsuvera
Heimahjúkrun	0	20.278	127.227	0
Geðheilsupjónusta fullorðinna	25.268	22.344	958	3.962
Þroska- og hegðunarstöð (út 31. mars)	923	559	0	40
Geðheilsumiðstöð barna (frá 1. apríl)	2.329	1.809	0	562
Heilbrigðisskoðun innflytjenda	7.942	503	3	131
Hólmsheiði	1.209	377	0	0
Héraðsvaktin	11	557	459	0
Kvenheilsa	133	29	0	2
Samhæfingarstöð krabbameinsskimana	1	7	0	872
Upplýsingamiðstöð HH	0	13.181	0	1.381
Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu	362	92	0	30



HEIMAHJÚKRUN Í NÝTT HÚSNÆÐI

Nýtt húsnæði Heimahjúkrunar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins var formlega tekið í notkun í mars. Um 110 starfsmenn hafa vinnuaðstöðu í húsnæðinu, sem er staðsett við Miðhraun í Garðabæ.

Heimahjúkrun HH sinnir einstaklingum í Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði og Mosfellsbæ. Á hverjum tíma fá um 800 skjólstæðingar þjónustu frá Heimahjúkrun og fór starfsfólk í tæplega 130 þúsund vitjanir á árinu 2022. Heimahjúkrun HH sinnir skjólstæðingum frá 18 ára aldri en flestir eru á aldrinum 75 til 95 ára.

Að jafnaði eru um 55 til 60 starfsmenn á dagvöktum, en starfsfólkið skiptist í ellefu heimahjúkrunarteymi sem sinna hvert um sig 60 til 70 skjólstæðingum. Tólfra teymið sem starfar hjá heimahjúkruninni er endurhæfingarteymi sem er fjölfaglegt og gengur þvert á önnur teymi. Það sinnir skjólstæðingum í ákveðinn tíma og aðstoðar þá við að ná sínum markmiðum, en skjólstæðingar teymisins eru yfirleitt einstaklingar sem hafa getu til að verða aftur sjálfbjarga.



GEÐHEILBRIGÐISÞJÓNUSTA

Mikil áhersla var lögð á að efla geðheilbrigðisþjónustu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins á árinu 2022, bæði hjá stjórnendum stofnunarinnar og stjórnvöldum.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins rekur bæði staðbundin geðheilsuteymi á höfuðborgarsvæðinu og önnur teymi sem sinna sérhæfðri geðheilbrigðisþjónustu á landsvísu.

Staðbundnu teymin þrjú voru efld enn frekar á árinu 2022. Starfsfólki var bætt við til að auka afköst teymanna. Þau þjónusta einstaklinga 18 ára og eldri sem greindir eru með geðsjúkdóma og þurfa á þverfaglegri aðstoð ásamt þéttri eftirfylgd að halda. Nánari upplýsingar um þessa öflugu starfsemi er að vinna í ársskýrslu teymanna.

Á árinu 2022 var geðheilbrigðisþjónusta Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við börn sameinuð í nýrri einingu. Hún var stofnuð formlega 1. apríl og fékk nafnið Geðheilsumiðstöð barna. Miðstöðin sinnir greiningu, ráðgjöf og meðferð vegna geð- og þroskavanda barna og unglinga.

Heilaörvunarmiðstöð Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins var stofnuð haustið 2021 en tók á móti fyrstu sjúklingunum í janúar 2022. Miðstöðin nýtir nýja segulörvunartækni til að meðhöndla fólk með þunglyndi sem ekki hefur svarað lyfjameðferð. Árangurinn af starfinu hefur verið afar góður og í samræmi við árangur af sambærilegri meðferð erlendis.


Geðheilsuteymi ADHD fullorðinna tók til starfa 1. febrúar 2022 og hóf móttöku sjúklinga í lok mars. Teymið annast greiningu, endurmat á fyrri ADHD greiningum og meðferð einstaklinga 18 ára og eldri.

Á árinu 2022 fluttu einnig tvö teymi, Geðheilsuteymi fangelsa og Geðheilsuteymi taugaproskaraskana úr húsnæði í Spönginni í Grafarvogi þar sem ráðast þurfti í umfangsmiklar viðgerðir á húsnæðinu. Teymin fluttu bæði í Mjóddina, þar sem skrifstofa Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og ýmis önnur starfsemi var fyrir.




GEÐHEILBRIGÐISÞJÓNUSTA

Klínísk samskipti



Klínísk samskipti - Fjöldi einstaklinga



GEÐHEILSUMIÐSTÖÐ BARNNA

Geðheilsumiðstöð barna (GMB) var stofnuð 1. apríl 2022 en þar sameinuðust Þroska- og hegðunarstöð, Geðheilsu- teymi Fjölskylduvernd og nýtt Ráðgjafar- og meðferðar- teymi fyrir börn. Geðheilsumiðstöðin starfar á landsvísu og er skilgreind sem 2. stigs geðheilbrigðisþjónusta.


Miðstöðin sinnir greiningu, ráðgjöf og meðferð vegna geð- og þroskavanda barna og unglinga. Starfseminni er skipt upp í fjögur teymi: Fjölskylduteymi (0-5 ára), Greiningar- teymi yngri barna (6-12 ára), Greiningarteymi eldri barna (13-18 ára) og Ráðgjafar- og meðferðarteymi sem starfar þvert á önnur teymi (0- 18 ára).

Þverfaglegur starfshópur vinnur eftir markvissu skipulagi með fagleg gæði að leiðarljósi. Áhersla er á gott viðmót og fjölskyldumiðaða þjónustu. GMB á reglulegt samstarf við þjónustuveitendur víðsvegar um landið og sinnir starfsþjálfun háskólanema á sviðinu.

Starfsmenn GMB voru 42 við árslok 2022 í alls 34,5 stöðugildum. Starfshópurinn er þverfaglegur en sálfræðingar eru stærsti hópurinn.

Starfsemin er enn á tveimur stöðum, í Þönglabakka 1 og í Bæjarlind 1-3 en vonir standa til að nýtt húsnæði fáið fyrir starfsemina á árinu 2023.

Stöðinni bárust 1.169 tilvísanir árið 2022 sem er mikil aukning frá árinu 2021 þegar bárust 825 tilvísanir.



	2020	2021	2022
Nýjar tilvísanir á árinu	622	825	1.169
Tilvísunum (RMT og GT) (vísað frá, vísað í annað úrræði, meðferð hætt)	-	-	166
Þátttakendur á námskeiðum, foreldrar og börn	185	203	243
Þátttakendur á meðferðarnám- skeiðum börn	31	43	28
Þátttakendur á færnipjálfunar- námskeiðum fyrir foreldra	154	160	215



HEILBRIGÐISSKOÐUN INNFLYTJENDA

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins opnaði að beiðni stjórnvalda sérstaka einingu til að sinna heilbrigðisskoðun flóttafólks frá Úkraínu 29. mars 2022. Þessi nýja eining sameinaðist svo Göngudeild sóttvarna 27. júní og fékk heitið Heilbrigðisskoðun innflytjenda. Hlutverk hennar var útvíkkað í að sinna fyrstu heilbrigðisskoðun allra innflytjenda frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Starfsemin er staðsett í Domus Medica, en þar eru samankomnar nokkrar stofnanir sem sinna fólki sem sækir um alþjóðlega vernd. Auk Heilbrigðisskoðunar innflytjenda eru þar lögreglan, Vinnumálastofnun og Útlendingastofnun. Reynslan af starfseminni hefur verið afar góð, enda mikil hagræðing af auknu samstarfi og boðleiðir stuttar í húsinu.

Verkefni ótengd innflytjendum sem höfðu verið hjá Göngudeild sóttvarna voru færð annað. Ferðamannabólusetningar fluttust

á heilsugæslustöðvar og berklæftirlit til Landsspítalans.

Heilbrigðisskoðun innflytjenda tekur á móti öllum sem sækja um alþjóðlega vernd og umsækjendum um dvalar- og atvinnuleyfi sem búa utan ESS. Helsta verkefnið er heilsufarsskoðun þar sem tekið er stutt viðtal, blóðprufa þar sem skimað er fyrir ákveðnum sjúkdómum, röntgen mynd af lungum eða berklapróf og hægðasýni hjá börnum yngri en sex ára. Niðurstöðunum er fylgt eftir og útbúið vottorð fyrir Útlendingastofnun sem staðfestir að skoðuninni sé lokið.

Hjá Heilbrigðisskoðun innflytjenda starfa ritarar, hjúkrunarfræðingar, læknar, sálfræðingar og túlkar. Skjólstæðingarnir eru frámörgum löndum en flestir sem komu á árinu 2022 voru frá Úkraínu og Venesúela. Fjöldi þeirra sem sækir um alþjóðlega vernd hefur margfaldast undanfarin ár og í árslok var nokkur bið eftir því að komast í fyrstu heilbrigðisskoðun.



KVENHEILSA

Þjónusta Kvenheilsu Heilsugæslu höfuðborgar-svæðisins var þróuð áfram á árinu 2022 en þar er áherslan á mikilvægi heildstæðrar nálgunar á heilsu kvenna. Þjónustan var sett upp með þeim hætti að konur komu í hópfræðslutíma um ýmis málefni sem fyrsta skref. Í hópfræðslutímum var boðið upp á fræðslu um það málefni sem var til umfjöllunar, auk þess sem farið var yfir ferli þjónustunnar. Fyrst um sinn var boðið upp á hópfræðslu um breytingaskeið kvenna, lífstíl á breytingaskeiði, fitubjúg og getnaðarvarnir. Aðsókn að hóptímum var framar vonum og almenn ánægja með starfseminu.

Í kjölfar hóptímans gátu konur fengið ráðgjafaviðtal hjá fagfólki, eftir að hafa svarað spurningalista um heilsu og væntinga til viðtals. Með þessum hætti var skjólstæðingurinn upplýstur vel fyrir viðtalið og fagaðilar gátu undirbúið sig til að mæta þörfum skjólstæðingsins. Í viðtalinu var staða mála kortlögð, sett upp áætlun um næstu skref og áætlun fylgt eins og þurfa þykir en ávallt í afmarkaðan tíma. Eftirfylgd færðist síðan yfir til heilsugæslustöðva. Þessi aðferðafræði tryggði að einstaklingsviðtalið varð markvissara sem leiddi til betri árangurs og auðveldaði konum að taka upplýsta ákvörðun um sína meðferð. Þá tryggir fyrirkomulagið samhliða

góða nýtingu á fjármunum og mannauði teymisins.

Þjónustan var áfram í mótun á árinu 2022 en áherslan var á hóptíma og viðtöl. Þá var hafist handa við að efla fræðslu um breytingaskeið og lagfæra fræðslu um getnaðarvarnir og fleira á fræðsluvefnum heilsuvera.is. Einnig kom starfsfólk teymisins að fræðslu með ýmsum hætti bæði fyrir fagfólk og almenning um málefni kvenheilsu.

Starfsfólk kvenheilsunnar sinnti einnig sýnatökum vegna leghálskrabbameinsskimunar ef konur gátu af einhverjum ástæðum gátu ekki nýtt slíka þjónustu á sinni heilsugæslustöð. Ljósmodir teymisins sinnti einnig slíkri þjónustu á heilsugæslustöðvum ef starfskrafta vantaði.

Alls voru fjórir starfsmenn á Kvenheilsu HH í byrjun árs 2022 í samtals 90 prósent starfshlutfalli. Bætt var við starfsfólki og í byrjun febrúar var heildar starfshlutfall starfsmanna aukið í 160 prósent. Einnig var unnið að því að fá kvensjúkdómalækni inn í teymið og fleiri hjúkrunarfræðinga og/eða ljósmæður. Síðla sumars flutti teymið í Þönglabakka 6, þar sem það fékk aðstöðu til að taka á móti skjólstæðingum og halda hóptíma.

Vel sóttir hóptímar

- Hóptímar um breytingaskeið kvenna fóru af stað um miðjan september. Yfirleitt voru hóptímar tvisvar í viku og allt að 20 konur í hverjum tíma. Yfir 400 konur nýttu sér þessa þjónustu til áramóta. Einnig var einn hóptími um breytingaskeiðið á haustönn ætlaður þörum og tóku sex þör þátt.
- Í október var farið af stað með hóptíma um lífstíl á breytingaskeiði sem voru vel sóttir.
- Í desember var fyrsti hóptíminn um fitubjúg.
- Í desember var fyrsti þrúfutíminn um getnaðarvarnir.



SKS – KRABBAMEINSSKIMANIR

Samhæfingarstöð krabbameinsskimana (SKS) hóf starfsemi 1. janúar 2021 þegar breytt skipulag á skimun fyrir krabbameinum tók gildi og ut anumhald krabbameinsskimana færðist til Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Á árinu 2022 fór mikil vinna í að móta enn frekar starfsemi Samhæfingarstöðvarinnar. Verkferlar og vinnulag var fínþússað sem og samstarf og samskipti við samstarfsaðila.

Samhæfingarstöðin hóf starfsemi í Þönglabakka 1 í Mjódd en flutti í varanlegt húsnæði að Miðhrauni 4 í Garðabæ í september. Þar deilir Samhæfingarstöðin glæsilegri hæð með Heimahjúkrun HH.

Í byrjun árs 2022 var farið að senda leghálssýni til greiningar á Landspítala samhliða sendingum til Danmerkur. Hlutdeild Landspítala í greiningum leghálssýna var aukin hægt og rólega yfir árið og þann 6. desember fór síðasta sendingin með leghálssýnum til Danmerkur. Síðan þá hafa öll leghálssýni verið greind á Landspítala.

SKS samhæfir og skipuleggur skimanir fyrir


krabbameini í brjóstum og leghálsi. Þá hélt undirbúningur fyrir skimun fyrir krabbameini í ristli og endaparmi áfram á árinu. Ráðinn var verkefnastjóri sem kom til starfa 1. mars til að stýra innleiðingunni. Þá var strax hafist handa við að gera þarfagreiningu vegna smíði nýs tölvukerfis til að halda utan um skimun fyrir krabbameini í ristli og endaparmi. Leitað var til hóps sérfræðilækna sem mynduðu vinnuhóp með fulltrúum SKS til að fara yfir og fínþússa faglega hluta skimunarinnar. Þarfagreiningunni lauk í desember og í kjölfarið var gerð hugbúnaðarins sett í útboð.

Ljóst er að undirbúningurinn fyrir það að hefja skimanir við krabbameini í ristli og endaparmi er mjög viðamikill og krefst aðkomu margra. Má þar nefna heilbrigðisráðuneytið, embætti landlæknis, Landspítala, Sjúkratryggingar Íslands og sérfræðilækna. Þá var einnig komið á fót samráðsvettvangi meðal Norðurlandapjóðanna um ristilskimanir sem SKS tekur þátt í fyrir hönd Íslendinga. Í lok árs 2022 var verkefnið enn í undirbúningsfasa.



SKS – SÝNATÖKUR

Meðalfjöldi daga frá töku sýnis til
sendingar svarbréfs 2022



SKS – HVATNINGARÁTAK

Tilgangur hvatningarátaksins: Er komið að skimun hjá þér? var að minna á mikilvægi skimana fyrir leghálskrabbameini og hvetja konur til að panta tíma.

Tólf konur lögðu áttakinu lið og deildu persónulegum sögum af leghálsskimun.

Átakið hófst 5. febrúar með opnun ljósmyndasýningar í Kringlunni og fjölmiðlaumfjöllun. Átakið var svo keyrt áfram á samfélagsmiðlum.

Setti með fimm veggspjöldum með sögum kvennanna og fróðleik um skimanir var dreift á heilsugæslur um land allt þar sem skimun fer fram.

Myndir og sögur kvennanna voru svo birtar á vef heilsugæslunnar á ensku og pólsku auk íslensku.



UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ

Upplýsingamiðstöð HH var formlega stofnuð þann 1. janúar 2022. Hún varð heimili vefsins heilsuvera.is, tók við svörun á netspjalli síðunnar og í upphafi var ætlað að undirbúa svörun á vaksíma heilsgæslunnar 1700 sem heilbrigðisráðuneytið hafði falið HH að svara allan sólarhringinn frá og með 1. júní. Netspjalli og síma er svarað alla daga á milli kl. 8 og 22.

Árið var mjög misskipt. Stórar Covid-19 bylgjur í byrjun árs með samkomutakmörkunum og stífum reglum settu mikinn svip á árið. Covid-19 göngudeildin lokaði í febrúar og Upplýsingamiðstöðin tók við hlutverki hennar. Nýr taktur kom svo 1. september þegar miðstöðin fór að svara símtölum í símanúmerið 1700 frá kl. 8 til 17 virka daga.

Símtölum er svarað af fulltrúum sem meta erindi fólks og forgangsraða eftir þar til gerðu verklagi. Meðalbiðtími eftir svari er innan við mínúta. Netspjalli er svarað annað hvort af fulltrúa eða hjúkrunarfræðingi eftir því hvaða erindi fólk velur þegar það kemur inn.


Mannauður og verkefni

Á Upplýsingamiðstöð vinna hjúkrunarfræðingar, sérfræðingar og fulltrúar við að leysa úr erindum fólks og leiðbeina. Í febrúar, mars og apríl unnu lækningar á miðstöðinni til að sinna þörfum þeirra sem voru með Covid-19.

Helstu flokkar erinda á árinu voru:

- Ráðgjöf vegna veikinda.
- Vegvísun í heilbrigðiskerfinu.
- Upplýsingar um allt og ekkert sem ekki eru veikindi þess sem óskar upplýsinganna.
- Bóka tíma í skimanir vegna Covid-19.
- Bókanir í tíma í Covid-19 bólusetningu.
- Aðstoða fólk í notkun á mínum síðum á heilsuvera.is.
- Ljáðu mér eyra – hlusta og veita fólki sem leitar oft til HH og líður illa andlega stuðning.
- Veita ráðgjöf vegna heilsuverndar ferðamanna.
- Meðferð vegna nikótínfíknar.

Fjöldi erinda 2022



UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ – NETSPJALL

Netspjallið á vefnum heilsuvera.is er mikið nýtt fyrir ýmiskonar fyrirspurnir og samskipti. Á árinu 2022 var meðalsvartími spjalla 65 sekúndur.


Á fyrri hluta ársins, meðan samkomutakmarkanir vegna Covid-19 voru enn í gildi, gat sjálfvirkt spjallmenni sem tengt er netspjallinu leyst úr allt að 30 prósentum erinda. Á því tímabili þurfti aðkomu hjúkrunarfræðings í 15 prósentum tilvika.

Síðustu sex mánuði ársins, eftir að samkomutakmörkunum hafði verið aflétt, leysti spjallmennið úr um 12 prósentum erinda en hjúkrunarfræðingar komu að um 31 prósent í erinda. Fulltrúar leystu úr 57 prósentum erinda.


Um 91 prósent spjalla eru á íslensku en tæp 9 prósent á ensku. Fólk sem ekki er íslensku- eða enskumælandi notar sjálfvirkar þýðingar á spjallinu.

Byrjað var að senda bólusetningaráætlanir í gengum Heilsuveruskilaboð um mánaðarmótin júní/júlí 2022. Samtals voru 1.245 áætlanir sendar síðasta ári.

Hverjir leystu úr netspjalli?
Síðustu sex mánuði ársins 2022



Valdir flokkar á netspjalli
Síðustu sex vikur ársins 2022



UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ – SÍMTÖL


Á árinu 2022 svaraði starfsfólk Upplýsingamiðstöðvar alls 58.100 símtölum. Um 72 prósentum símtala var svarað innan 60 sekúnda.

Heildarfjöldi erinda til hjúkrunarfræðinga á árinu 2022 voru 27.540. Af þeim komu um 4.900 úr 1700 númerinu.

Upplýsingamiðstöðin sinnir erindum frá öllu landinu. Um 30 prósent erinda sem hjúkrunarfræðingar sinna sem berast frá landsbyggðinni koma í gegnum 1700 símann. Um 70 prósent erinda frá landsbyggðinni koma í gegnum símanúmerið 513-1700 eða netspjallið á heilsuvera.is.

Um 24 prósent erinda sem koma frá höfuðborgarsvæðinu koma í gegnum 1700 símann en um 76 prósent erinda koma í gegnum netspjallið á heilsuvera.is eða í gegnum símanúmerið 513-1700.

Úrlausn hjúkrunarfræðinga á erindum



■ Ráðgjöf hjúkrunarfræðings ■ Vísun á bráðamóttöku ■ Vísun á heilsugæslu eða vaktlækni




UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ – HEILSUVERA

Þekkingarvefurinn á heilsuvera.is hefur verið byggður hratt upp og er þar nú að finna gagnlegar upplýsingar á skiljanlegu máli. Þar getur almenningur kynnt sér sjúkdóma og sjúkdómseinkenni, heilsu og heilbrigði og heilbrigðiskerfið almennt.


Á Upplýsingamiðstöð er teymi sérfræðinga sem vinna efni á þekkingarvefinn. Hlutverk þeirra sem eru í heilsuveruteyminu er að:

- Vinna efni inn á vefinn.
- Uppfæra efni vefsins eftir þörfum.
- Uppfæra þjónustuvefsjá í samvinnu við aðrar heilbrigðisstofnanir.
- Þróa verklagsleiðbeiningar fyrir fagfólk í ráðgjöf.
- Hafa umsjón með notendaumferð á heilsuvera.is og greina hegðun fólks á vefnum.
- Þróa nýjar lausnir á vefnum sem nýst geta þeim sem áður þurfa að halda og eru í meðferð í heilbrigðiskerfinu í samstarfi HH, Landspítalans, embættis landlæknis og Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu.

Heimsóknir á þekkingarvefinn
Milljónir heimsókna



Mest skoðuðu síðurnar á þekkingarvefnum



HEIMA ER PEST



Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins réðist í gerð auglýsingaherferðar tengt árvissum álagspunktum í starfseminni á borð við influensu, magapestir og fleira. Leitað var tilboða frá auglýsingastofum og að lokum var samið við auglýsingastofuna Hér & Nú.

Úr varð herferðin Heima er pest, sem vakti mikla athygli strax og fyrstu auglýsingar birtust á vefmiðlum, í útvarpi, sjónvarpi, strætóskýlum og á samfélagsmiðlum í september.

Herferðinni var ætlað að vekja athygli á



þekkingarvef Heilsuveru og þar með auka heilsulæsi almennings. Tilgangurinn var einnig að draga úr óþarfa komum á heilsugæslustöðvar með því að hjálpa fólki að afla sér upplýsinga og meta hvenær þörf væri á að leita til heilsugæslunnar og hvenær ekki.

Leitað var til annarra heilbrigðisstofnana og einkarekinna fyrirtækja sem reka heilsugæslustöðvar um allt land að taka þátt í herferðinni og á endanum varð Heima er pest að samstarfsverkefni á landsvísu.





UPPLÝSINGAVEFIR

heilsugaeslan.is




heilsuvera.is



ÁRSVERK EFTIR KYNI OG ALDRI

Kynjaskipting



■ Konur ■ Karlur

Aldursskipting starfsfólks eftir kyni



■ 15-24 ár ■ 25-34 ár ■ 35-44 ár ■ 45-54 ár ■ 55-64 ár ■ 65+ ár



ÁRSVERK EFTIR STARFSSTÖÐVUM

Heilsugæslustöð	2021	2022
Heilsugæslan Árbæ	35,1	35,1
Heilsugæslan Efra-Breiðholti	20,6	21,4
Heilsugæslan Efstaleiti	26,0	24,7
Heilsugæslan Fjörður	25,8	28,1
Heilsugæslan Garðabæ	28,4	30,0
Heilsugæslan Glæsibæ	20,6	19,7
Heilsugæslan Grafarvogi	23,7	21,3
Heilsugæslan Hamraborg	24,3	23,3
Heilsugæslan Hlíðum	23,4	23,8
Heilsugæslan Hvammi	20,4	21,1
Heilsugæslan Miðbæ	22,4	23,1
Heilsugæslan Mjódd	22,4	21,5
Heilsugæslan Mosfellsumdæmi	21,6	22,6
Heilsugæslan Seltjarnarnesi og Vesturbæ	29,5	28,1
Heilsugæslan Sólvangi	34,3	36,4
Samtals	378,5	380,4



ÁRSVERK EFTIR STARFSSTÖÐVUM

Sérþjónusta	2021	2022
Geðheilsuteymi austur	15,8	14,5
Geðheilsuteymi suður	11,6	12,4
Geðheilsuteymi vestur	14,8	13,9
Geðheilsumiðstöð barna*	26,7	35,4
Geðheilsuteymi ADHD fullorðinna	11,9	13,2
Geðheilsuteymi fangelsa	4,7	6,1
Geðheilsuteymi taugabroskaraskana	11,6	12,4
Heilaörvunarmiðstöð	0,3	2,0
Covid-verkefni	18,0	14,1
Heilbrigðisskoðun innflytjenda**	4,8	6,3
Heimahjúkrun	83,7	84,8
Hólmsheiði hjúkrun	1,1	1,2
Kvenheilsa	0,1	2,1
Samhæfingarstöð krabbameinsskimana	5,9	9,6
Skrifstofa og önnur verkefni	59,5	65,4
Upplýsingamiðstöð	0,4	8,9
Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu	15,1	13,1
Samtals	286,0	315,3
*Varð til við sameiningu 1. apríl		
**Stofnuð 29. mars 2022 og sameinaðist Göngudeild sóttvarna 27. júní 2022		



ÁRSVERK EFTIR STÉTTARFÉLÖGUM


Stéttarfélag	2021	2022
Félag íslenskra félagsvísindamanna	0,2	0,0
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	186,6	193,3
Félag sjúkraþjálfara	3,3	3,5
Félagsráðgjafafélag Íslands	7,6	7,4
Fræðagarður	18,0	24,6
Iðjupjálfafélag Íslands	5,0	5,2
Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga	12,6	15,6
Læknafélag Íslands	154,6	153,2
Ljósmeðrafélag Íslands	18,1	21,1
Lyfjafræðingafélag Íslands	1,3	1,2
Sálfræðingafélag Íslands	55,3	59,0
Sameyki	132,4	144,8
Sjúkraliðafélag Íslands	41,8	41,2
Starfsmannafélög sveitarfélaga	3,4	2,2
Stéttarfélag bókasafns og upplýsingafræðinga	1,0	1,0
Þroskaþjálfafélag Íslands	2,2	3,6
Utan félaga	2,0	2,0
Samtals	645,4	679,0




STARFSEMI OG STARFSÁNÆGJA

Heilsugæsla höfuðborgar-svæðisins tók þátt í hinni árlegu starfsumhverfiskönnun Stofnun ársins. Áfram var áberandi góður starfsandi hjá HH auk þess sem ánægja og stolt starfsfólks fá einnig háa einkunn.

Almennt lækkaði einkunn HH örlítið milli ára sem kom ekki á óvart í ljósi mikils álags í kjölfar Covid-19 faraldursins. Lækkunin var þó minni en hjá en öðrum stofnunum í sama stærðarflokki og því hækkar HH um sæti milli ára, í 19. sætið.



STARFSEMI OG STARFSÁNÆGJA



UPPSKERUHÁTÍÐ

Eftir þungan róður og mikið álag á starfsfólk á meðan Covid-19 heimsfaraldrinum stóð var það sannarlega fagnaðarefni þegar takmörkunum var aflétt vorið 2022. Þó stigið væri varlega til jarðar þegar kom að afléttingum hjá HH var ákveðið að bjóða starfsfólki á einskonar uppskeruhátíð til að þakka fyrir óeigingjarnt og fórnfúst starf á meðan faraldurinn stóð sem hæst.

Starfsfólki var boðið í Gullhamra 25. maí. Boðið var upp á léttar veitingar og skemmtun. Ari Eldjárn uppistandari sló í gegn með gríni tengdu faraldrinum og Páll Óskar náði öllum út á dansgólfið eins og við var að búast.



FRÆÐADAGUR




Fræðadagur HH var haldinn í nóvember og var hann venju samkvæmt afar vel sóttur.

Þetta var í tólfta skiptið sem HH stóð fyrir fræðadögum. Fram til ársins 2022 voru teknir tveir dagar í dagskrána en að þessu sinni var ákveðið að hafa alla dagskrána á einum degi. Það fyrirkomulag mæltist afar vel fyrir meðal þátttakenda.

Boðið var upp á fyrirlestra og kynningar um vítt svið heilbrigðismála en mikil áhersla var á geðheilbrigðismál að þessu sinni.

Gerð var könnun meðal þátttakenda eftir fræðadaginn og sýndu niðurstöður hennar mikla ánægju með fyrirlestrana.

Hvernig fundust þér þeir fyrirlestrar sem þú fylgdist með?




REKSTUR OG EFNAHAGSREIKNINGUR


	2022	2021
Tekjur		
Tekjufærsla fjárveitinga	6.292.800.000	6.479.000.000
Seld þjónusta	7.7.21.521.320	8.530.219.427
Vörusala	1.660.824	556.554
Framlög og ýmsar tekjur	597.581.513	756.546.544
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	61.543.934	72.810.367
Tekjur samtals	14.675.107.591	15.839.132.892
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	9.689.447.233	8.918.356.351
Annar rekstrarkostnaður	4.103.931.483	4.961.910.201
Afskriftir	61.543.934	72.810.367
Gjöld samtals	13.854.922.650	13.953.076.919
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	2.696.357	1.832.389
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	(2.830.548)	(649.217)
	(134.191)	1.183.172
Afkoma ársins	820.050.750	1.887.239.145




TEKJUR OG ÁRSVERK



ÚTGJÖLD STÖÐVA OG ÁRSVERK



ÚTGJÖLD STARFSSTÖÐVA OG ÁRSVERK



EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DES. 2022

	2022	2021
Eignir		
Fastafjármunir	271.953.736	274.138.695
Veltufjármunir	3.067.999.365	4.503.758.152
Eignir samtals	3.339.953.101	4.777.896.847
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé	1.571.620.673	2.788.519.068
Skuldir	1.768.332.428	1.989.377.779
Eigið fé og skuldir samtals	3.339.953.101	4.777.896.847



BREYTINGAR Á EIGINFJÁRREIKNINGUM 2022

31.12.2022

31.12.2021

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	2.788.519.068	1.415.212.022
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis	(2.036.949.145)	(513.932.099)
Afkoma ársins	820.050.750	1.887.239.145
Jöfnuður 31.12	1.571.620.673	2.788.519.068

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.



AFKOMA

